



Barnaskólar Reykjavíkur, úrdráttur úr lögum og reglugerðum 1926, 1934 og 1936

Bjarni Benediktsson – Barnaskólar Reykjavíkur, úrdráttur úr lögum og reglugerðum 1926, 1934 og 1936 – Skólanefnd – Fastir kennarar – Vottorð skólalæknir – Skólastjóri – Fræðslumálastórnin

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-3, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lög 40/1926, 28. gr. :

"Skólanefnd hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum skólahéraðs síns. Huns auglýsir kennarastöðu, ef laus er, og ræður með sér, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar. Hún hefir eftirlit með því, að kennari geri skyldu sína, sér um árleg próf, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum, hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna og annast um að þau geti fengið nauðsynlegar bækur og aðhöld eftir því, sem fræðslumalastjórnin ákveður. Hún hefir umsjón með og umráð yfir skólahúsum og annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kennslu, séu svo, að heilsu barnanna sé ekki hættu búin. Huns sér um útvegum nauðsynlegra kennsluáhalda. Hún afhendir bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð sætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert og ráðstafanum því fé, sem kaupstaðurinn eða hreppurinn veitir til barnafræðslu. Hún semur reglugerð um tilhögun barnafræðslunnar í skóla-heraði sínu, eða gerir breytingar á eldri reglugerðum, eftir því, sem þörf krefur, og sendir fræðslumalastjórninni til samþykktar. Hún býr ut skýrslur þær og skirteini, sem fræðslumalastjórnin heimtar, um hag barnafræðslunnar. - Verði greiningur milli skólanefndar og hreppsnefndar um fjarframlög til barnafræðslu, skal hann lagður undir unskurð fræðslumalastjórnar. "

Reglugerð fyrir barnaskóla Reykjavíkur 12. febr. 1934:

"Fastir kennarar skólans skulu settir og skipaðir og starfs- svið þeirra ~~mátt~~ og réttindi ákveðin samkvæmt gildandi lögum um skipun og laun barnakennara. Skólanefnd ræður stundakennara og forfallakennara að fengnum tillögum skólastjóra. Dyraverði og annað starfsfólk skólans ræður skólanefnd einningu að fengnum tillögum skólastjóra og setur starfsfólki erindisbref, ef þurfa þykir. Kennarar og starfsfólk skólans leggi fram við byrjun hvers skólaárs vottorð skólalæknis eða heraðslæknis um, að þeir séu ekki haldnir neinum næmum sjúkdómi, og sýkist þeir, af næmum sjúkdómi á skólaárinu, skulu þeir leggja fram samskonar vottorð, áður en þeir koma í skólann að nýju. "

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 40 frá 15. júní 1926, um fræðslu barna, staðfestist hér með framanrituð reglugerð til að öðlast gildi strax.

í Kennslumálaráðuneytinu, 12. febrúar 1934
Þorsteinn Briem

Lög nr. 94/1936, 14 grein:

"Skólanefnd hefir umsjón með allri barnafræðslu í skólahverfi sínu. Hún auglýsir eða létur auglýsa kennarastöður, þegar þær eru lausar, og tekur á móti umsóknum um þær.

.....

"Skýlt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en námsstjóra, ef um skólastjóra er að ræða. Verði greiningur um umsækjendur innan skólanefndar eða milli skólanefndar annarsvegar og skólastjóra eða námsstjóra hinsvegar, getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslumalastjórnarinnar og skal fylgja tillögunum rökstudd greinagerð.

Stundakennara og forfallakennara ræður skólastjóri í samráði við skólanefnd.

Skólanefnd hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna í skólahverfinu og annast um það, með aðstoð skólastjóra, að skólavistin komi þeim að sem fyllstum notum. Skýlt er henni að hafa umsjón með skólahúsum og annast um, að herbergi þau, sem þar eru etluð til kennslu og íbúðar, séu utbúin í fullu samræmi við þær reglur, sem heilbrigðisstjórnin setur. Hún sér um útvegum kennslu áhalda þeirra, sem skýlt er að hafa í skólum, semur eða felur

skólustjóra að semja skýrslur um skólaþykld börn í skóla-
hverfinu og áætlun um utgjöld vegna skólahalds næsta ár, og
sendir hvorttveggja fræðsluráði innan þess tíma, er það
ákveður.

Fræðslumálastjórnin gefur út fyrirmyndir að skólareglu-
gerðum, aðra fyrir heimagönguskóla og hina fyrir heimavistar-
skóla. Skólanefnd semur síðan frumvarp til reglugerðar og
sendir það fræðslumálastjórninni til staðfestingar.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og fræðsluráðs eða
fræðsluráðs og bæjarstjórnar (sýslunefndar) um fjarframlög
til skólahalds, skal hann lagður undir urskurð fræðslumála-
stjórnarinnar. "

Sömu lög, 29. grein:

"Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru frá sama
tíma númin ur gildi lög um fræðslu barna, nr. 40 1926, og
önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við lög þessi, sbr.
þó ákvæði til bráðabirgða. "